

Nd.

450. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi til þess að flytja út ál og selja á erlendum markaði.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar vill, að frumvarpið verði samþ. með nokkrum breytingum. Minni hlutinn ræður hinsvegar til, að frumvarpið verði fellt. Þessa tillögu styður minni hlutinn með þeim rökum, er hér skal greina:

Lifnaðarhættir álsins, álaveiðar og sala er almenningi kunnugt og ekkert rannsóknarefni. Markaður fyrir ál hefir verið mikill og góður í Evrópu mörg undanfariu ár, og álaveiðar í norðurhluta álfunnar stundaðar af fjölda manna.

Það er á misskilningi byggt, er segir í greinargerð frumvarpsins, að stofnað muni verða til álaklaks í stórum stíl af umsækjendum sérleyfisins. Álaklak er ekki til í þeirri merkingu, að menn hafi þar hönd í bagga. Hefir álaklak verið þrautreynt, en aldrei tekizt, og telja visindamenn, að tilgangslaust sé að reyna það. Állinn hrygnir eingöngu í djúphöfum. Seiðin („gleráallinn“) ganga í ár og vötn, þegar þau eru orðin 6—10 cm. löng. Þessi seiði ganga í torfum upp að löndum í norðanverðri Evrópu og eru veidd þar og flutt í þúsunda og milljónatali í vötn og tjarnir. Þessi seiði hafa verið seld á 4—6 krónur þúsundið.

Eftir ca. 4 ár er állinn vaxinn og leitar til sjávar. Er hann þá veiddur aðallega í gildirur. Veidiáðferðin er einföld og ódýr.

Markaður er mikill og góður í Evrópu fyrir ál. Er hann mest seldur lifandi, og er mjög auðvelt að flytja hann langar leiðir í því ástandi, því hann er afar lifseigur.

Árið 1937 var veiði og markaðsverð áls í norðlægari löndum álfunnar eins og hér segir:

	Smálestir	Verð
Danmörk	4109	1.16 sh.
Þýskaland	2574	2.25 —
Holland	3946	0.81 —
Lettland	96	1.38 —
Noregur	603	0.88 —
Pólland	152	1.57 —
Svíþjóð	1725	1.62 —

Alls var veiðin í þessum löndum 13205 smálestir, og meðalverð 1.32 shillingar á kg. á álnum lifandi.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, þarf hér engra rannsókna við á lifnaðarháttum né veiði. Og markaðurinn er opinn öllum, sem hann vilja nýta. Efni til sérleyfisveitingar er því ekkert. Skortir aðeins framtak.

Miklar líkur eru til, að veiða megi með litilli fyrirhöfn á laseiði hér við land í stórum mæli og flytja í vötn og tjarnir. En ella má fá seiðin í milljónatali frá öðrum löndum fyrir litið verð. Má vænta þess, að á næstu árum geti það orðið mikil hagsbót fyrir húendur víðsvegar á landi hér að veiða ál og selja, ef Alþingi leggur ekki með lögum óeðlileg höft á söluna til útlanda. Mun eigi skorta menn, er vilja taka að sér að koma vöru þessari á erlendan markað, sem öllum er opinn, þegar styrjöld ekki geisar í markaðslöndunum. En ef á því reyndust örðugleikar, er bæði Sölusamband isl. fiskframleiðenda og fiskimálanefnd skylt að aðstoða við sölu þessarar vöru.

Alþingi, 13. apríl 1940.

Sigurður Kristjánsson.